

Eystrahorn

37. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 27. október 2022

www.eystrahorn.is

Æðarfuglinn minnir okkur á viðkvæmt samspil náttúrunnar -listamaður vikunnar Eygló Harðardóttir

Inni á bókasafni Hornafjarðar standa nú bókverk og tveir skjáir með myndböndum sem fletta í gegnum þau. Það er listamaðurinn Eygló Harðardóttir sem bjó til þessar tvær bækur.

„Hugmyndin kviknaði út frá dagbókum æðarbænda,“ segir Eygló. „Æðarbændur færa í dagbók, dagsetja og skrá mikið magn hagnýtra upplýsinga, gera samanburð, teikna upp, halda bókhald. Dagbókin er þannig hagnýt og mikilvægt rannsóknartæki fyrir bændurna.“

Eygló segir sjónrænu dagbækurnar sem hún gerði ólínulegar og að þær byggji á rýmisupplifunum, litum, takti og túlkunarmöguleikum frekar en staðreyndum. Pappírinn í dagbókunum hefur tilvísun í loftkenndan eiginleika dúnsins. Hann er hvítur og Indígó-blár, handgerður og saumaður í kjölinn. Útlit bókverkanna er þannig „lífrænt“ og loftkennt, þau eru án forsíðu og baksíðu, og ekki skilgreint upphaf eða endi.

Þegar Eygló er spurð hvernig listamaður hún sé, svarar hún:

„Ég vinn yfirleitt í ákveðið samhengi, fyrir sýningar eða önnur myndlistarverkefni. Ég kanna aðstæður og viðfangsefni og hefst svo

handa. Vinnuferlið einkennist af umbreytingarferlum, ég sé ekki fyrir mér lokaniðurstöðu fyrirfram, heldur vinn ég með efniviðinn í ferli sem getur tekið langan tíma. Það kemur að hárfínu andartaki þar sem verkið er fullmótað.“

En hvernig var vinnan að verki sem snýst aðallega um æðarfugla?

„Upplifunin var sterk, ég dvaldi vikulangt á vinnustofu í æðarvarpi tvisvar í vinnuferlinu. Fyrra vorið vann ég dagbók sem er skrásetning á umhverfi fuglsins, náttúrunni og starfi æðarbóndans. Fuglinn upplifði ég sem samfélag og hreyfingu í landinu. Seinna vorið skoðaði ég einstaklingana og atferli þeirra betur, dagbókin sem ég vann úr þeirri upplifun fer dýpra inn í eigindir fuglsins, dúninn, atferli, hreyfingar o.þ.h. Ég lærði margt um æðarfuglinn og þessi vinna var mjög gefandi og spennandi.“

Og að lokum, hvað ættu allir að vita um æðarfuglinn?

„Mér fannst mikilvægt að kynnast einstöku sambandi æðarbóndans við fuglinn. Æðarfuglinn minnir okkur á



viðkvæmt samspil í náttúrunni, umhyggju og jafnvægi.“
Hægt er að skoða verk Eyglóar inni á bókasafni Hornafjarðar fram í janúar 2023.

Jól í skókassa

Hið árlega verkefni Jól í skókassa er að farið af stað. Líkt og áður eru pakkarnir sendir til barna í Úkraínu. Fólk er beðið að pakka gjöfum í skókassa og allar helstu upplýsingar hvað megi fara í kassana er að finna á skokassar.net eða Facebook síðu prestakallsins.

Síðasti skiladagur er fimmtudaginn 3. nóvember milli 10:00 og 14:00 í Hafnarkirkju. Ef óskað er að koma með gjafir á öðrum tímum má hafa samband við sóknarprest í síma 894 8881.





HAFNARKIRKJA

Sunnudaginn 30. október
Grímubúninga-sunnudagaskóli
kl. 11:00

Við ætlum að hafa gaman í grímubúningum. Allir hvattir til að mæta í búningi. Djús og kex eftir stundina. Allir velkomnir.



BJARNANESKIRKJA

Sunnudaginn 30. október
Uppskerumessa kl. 17:00
Messan er helguð gjöfum jarðar og Guði færðar þakkir fyrir uppskeru þessa árs.

Kjötsúpa í Mánagarði að lokinni messu í boði sóknarnefndar. Allir velkomnir.



HAFNARKIRKJA

Priðjudaginn 1. nóvember (ath. sjá dagsetningu)

Allra heilagra messa kl. 20:00
Látinna minnst í tali og tónum. Hægt verður að kveikja á kertum í athöfninni til að minnast látinna vina og ættingja.

Nánar um allra heilagra messu á heimasíðu og Facebook síðu prestakallsins
Allir velkomnir

Sóknarnefndir og sóknarprestur

FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



AFMÆLI.

Félag eldri Hornfirðinga verður 40 ára 1. desember 2022.

Afmælishátíð verður haldin á Hafinu þann dag. Matur með jólalegu ívafi, söngur, glens og ball með Ekrubandinu. Miðaverð 7.000 kr.

Vinsamlegast skráið þátttöku fyrir 15. nóvember í síma 692 2936 (Guðbjörg) eða 866 8030 (Lúcia).

Miðar verða seldir 23. nóvember kl. 14-16 í Ekr.



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR



Umhverfisviðurkenningar 2022

Umhverfis- og skipulagsnefnd auglýsir á ný eftir tilnefningum til umhverfisviðurkenninga fyrir árið 2022.

Auglýst er eftir tilnefningum á einstaklingum, félagasamtökum, stofnunum, fyrirtækjum, lóðum og lögbýlum í Sveitarfélaginu Hornafirði sem hafa með athöfnum sínum verið til fyrirmyndar og gert umgengi við náttúruna og umhverfið að eðlilegum þætti í hversdagslífi sínu eða hafa á annan hátt lagt sitt af mörkum til verndunar á náttúru og umhverfi.

Frestur til að skila inn tilnefningum er framlengdur til 14. nóvember. Hægt er að senda tilnefningar á netfangið johannai@hornafjordur.is eða í afgreiðslu ráðhússins við Hafnarbraut 27. Íbúar eru hvattir til þess að skila inn tilnefningum.

Stefán Aspar Stefánsson
Verkefnastjóri umhverfismála



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

Láttu okkur sjá um múrviðgerðir eða flísalagnir, og miklu meira.

Endilega hafðu samand í síma, Patryk: 697-8430

Fleiri myndir af verkum okkar má sjá á Facebookinu okkar: Mastermur



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933
Útgefandi:.....HLS ehf.
Ritstjóri og ábyrgðarmaður:.....Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófar kalestur:.....Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun:Litlaprent
ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Lumar þú á áhugaverðu efni í Eystrahorn?

Við hvetjum þig til að senda okkur línu á eystrahorn@eystrahorn.is

SÚPUFUNDUR

Guðrún Hafsteinsdóttir,
1. þingmaður Sjálfstæðisflokksins
í Suðurkjördæmi
verður með súpufund
föstudaginn 28. október
kl 12:00 í Sjallanum

Öll velkomin



gímaldin og Lúðrasveit Hornafjarðar leika saman: Big Country Ball með Brie

Þann 30. október munu gímaldin og Lúðrasveit Hornafjarðar leika gítarverkið Big Country Ball með Brie á Hafinu. Um er að ræða 20 mínútna tónverk yfir synþagrinn og 15 manna lúðrasveit leikur allar hljómsveitarraddir.

gímaldin dvaldi á Höfn um skeið við önnur störf og stóð lengi til að gera verkefni með Jóhanni Morávek og lúðrasveitinni sem skipuð er elstu nemendum Tónskóla A-Skaftafellssýslu og fullorðnum áhugaspilurum.

Big Country Ball með Brie er 6. innleggið í seríuna Kinly Related Metal Reggae sem hefur verið í vinnslu síðan 2012 og 5. innleggið, Jessica Joneses own Ringtone Reggae Theme Song var flutt á Fagurhólmsmýri í fyrra.

Grunnhugmyndin á bakvið Kinly seríuna snýr einhverju leyti að því að leiða saman lág- og hákúltúr – eða aðrar mögulegar andstæður; þungarokk, tölvuleikjatonlist og símfóníska – þjóðlaga, etnísk element, lifandi einleikskafli og samplada rafmagnstónlist – persónur úr framhaldspáttum, teiknimyndasögum, leikara í Kaliforníu og raunverulegt fólk. Hvert verk stefnir að því að skapa tímabundinn heim þar sem allir þessu ólíku og stundum illa samrýmanlegu einingar getadeilt rými og tíma.

Að þessu sinni er farin aðeins öðruvísi leið að framsetningu verksins, því tónsmiðurinn útsetur sjálfur alla parta í fyrri verkum. Í Big Country Balli voru aukaraddirnar einungis skrifaðar út, tiltölulega óunnar og settar alfarið í hendurnar á Jóhanni að laga að sinni hugmynd og hljómsveit. Þess má geta að auk fastagrúppunnar verða 2 gestahljóðfæraleikarar með lúðrasveitinni að þessu sinni.

Verkefnið er framkvæmt með stuðningi frá Uppbyggingarsjóði SASS og kunnum við þeim allar þakkir og góðar.

Flutningur verður sem áður segir á Hafinu, sunnudaginn 30. október klukkan 16.00 og er frítt inn.

Big Country Ball með Brie
gímaldin
og
Lúðrasveit Hornafjarðar

Útsetning
gímaldins
og
Jóhann
Morávek

30. október
á Hafinu
kl 16

Enginn aðgangseyrir

Móttökuritari -heilsugæslu HSU Hornafirði

Laust er til umsóknar starf móttökuritara á heilsugæslu Heilbrigðisstofnunar Suðurlands á Höfn.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Móttaka, afgreiðsla og samskipti við skjólstaðinga
- Símsvörun, ýmiss konar umsýsla, uppgjör og skráning gagna auk samskipta við aðrar deildir HSU.

Hæfniskröfur

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun æskilegt
- Starfið krefst hæfni og lipurðar í samskiptum, trúmennsku og nákvæmni í vinnubrögðum
- Viðkomandi þarf að hafa góð tök á vinnu við tölvur
- Viðkomandi þarf að hafa gott vald á íslensku máli og geta átt góð tjáskipti á ensku.

Frekari upplýsingar um starfið

Laun samkvæmt gildandi kjarasamningi sem fjármála- og efnahagsráðherra og Félag opinberra starfsmanna á Suðurlandi hafa gert. Um er að ræða dagvinnu. Starfshlutfall er 100%

Umsóknarfrestur er til og með 4. nóvember n.k



MARKAÐUR
LAUGARDAGINN 29. OKT.
KL. 13:00-15:00 Í NÝHEIMUM

THRIFT-SHOP

VARSTU AÐ TAKA TIL Í GEYMSLUNNI?
ÁTTU FULLT AF HALLOWEEN BÚNINGUM?
ERTU MATVÆLAFRAMLEIÐANDI?
BYRÐU TIL HANDVERK EÐA LIST?

Skráning á básum fer fram
há Söndru á bókasafninu:
sandra@hornafjordur.is
Þáttökukostnaður: 2000 kr

ALLIR VELKOMNIR!

NÝHEIMAR
ÞEKINGARSETUR

MMH

UMHVERFIS
HORNAFJÖRÐUR

Leyfi til nýtingar á landsvæði við Kollumúla

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir skv. meginreglu stjórnisylsuréttarins eftir aðila til að nýta lóð L234664 undir aðstöðuhús fyrir dagdvalar- og tjaldgesti í Kollumúla og salernishús, auk þess sem gert er ráð fyrir byggingu á aðstöðuhúsi fyrir skálaverði á lóðinni.

Lóðin er stofnuð úr þjóðlendu Lónsöræfi nyrðri L222185. Samkvæmt 3. mgr. laga nr. 58/1998 fara hlutaðeigandi sveitarstjórnir með leyfisveitingar innan þjóðlendu aðrar en við koma vatns- og jarðhitaréttindum, vindorku, námum og öðrum jarðefnum innan þjóðlendu (sem eru á hendi forsætisráðuneytis sbr. 2. mgr. 3. gr. laga nr. 58/1998). Jafnframt þarf samþykki forsætisráðuneytisins þar sem umrædd nýting er áætluð lengur en til eins árs, sbr. 3. mgr. 3. gr. sömu laga.

Um er að ræða leyfi með gildistíma frá 01.11.2022-01.11.2042 með möguleika á framlengingu til fimm ára í senn í allt að fjögur skipti, eða í heild til dagsins 01.11.2062.

Þættir sem einkum verður litið til við ákvörðun um leyfisveitingu á umræddu svæði eru eftirfarandi, en ekki skal litið svo á að röðun þeirra gefi til kynna vægi einstakra skilmála innbyrðis:

- Upplýsingar um hvernig umsækjandi hyggst nýta auglýsta lóð í Kollumúla og framkvæmdaáætlun þar að lútandi.
- Að rekstrinum skal standa óhagnaðardrifið félag sem starfar í almannaþágu.
- Þekking og reynsla viðkomandi aðila af ferðapjónustu á hálendinu, s.s. rekstri gistiskála og tjaldsvæða.

Öll uppbygging á svæðinu er á kostnað og ábyrgð leyfishafa. Á svæðinu stendur nú þegar 48,5 m² skáli og hús með salernishúsi og sturtuástöðu. Mannvirkin eru í eigu Ferðafélags Austur-Skaftafellssyslu sem hefur verið með starfsemi á svæðinu til þessa. Ef breyting verður á lóðarhafa á svæðinu verður nýjum lóðarhafa skylt að kaupa skálann í samræmi við verðmat löggilts fasteignasala.

Áhugasamir aðilar vinsamlegast sendið tillögu að notkun á umræddu svæði til Sveitarfélagsins Hornafjarðar á netfangið afgreidsla@hornafjordur.is, eigi síðar en **9. nóvember nk. kl. 15:00**.



MARKET

SATURDAY OCT. 29TH
FROM 13:00-15:00 IN NÝHEIMAR



DID YOU JUST CLEAN YOUR STORAGE ROOM?
DO YOU HAVE LOTS OF HALLOWEEN COSTUMES?
ARE YOU A LOCAL FOOD PRODUCER?
DO YOU MAKE CRAFTS OR ARTS TO SELL?
...OR DO YOU HAVE SOMETHING ELSE TO SELL?


Registration at:
sandra@hornafjordur.is
Each market space cost 2000 kr

EVERYONE IS WELCOME!



HREKKJAVAKA

Á HÖFN Í HORNAFJÖRÐUR



Foreldrafélag grunnskóla Hornafjarðar langar að bjóða íbúum á Höfn að skrá sín heimili þar sem allskonar furðuverur verður boðið að banka uppá og fá eitthvað gott í pokann sinn sjálfan hrekkjavökudaginn, mánudaginn 31. október. Hægt er að senda okkur skilaboð á netfangið toggster@gmail.com eða hringja í síma 8944663 (eftir kl. 17) til 30. október. Munum við svo birta listann með heimilisföngunum mánudaginn 31. október. Börnin eiga svo aðeins að fara í þau hús sem eru skráð, á milli kl. 17:00 og 19:00.

Foreldrar eru beðnir um að fylgja yngri börnun.

Við vonum að sem flestir taki vel í þetta og vilji fá furðuverur til sín á Hrekkjavökunni og ekki er verra að skreyta smá.